

FORSÆTISNEFND 4. september 2026: Tillaga fulltrúa Vinstrisins um að slembivelja sætaröðun í borgarstjórnarsalnum

Samþykkt er að fara í 18 mánaða tilraunaverkefni þar sem slembival ræður sætaröðun borgarfulltrúa á borgarstjórnarfundum. Slembivalið verði eigi síðar en fyrir borgarstjórnarfund 22. september, að nýju eftir áramót og eftir sumarfrí borgarstjórnar. Árangur tilraunaverkefnisins verði metinn að 18 mánuðum liðnum.

Greinargerð:

Með slembivali er verið að brjóta niður þann óformlega meiri/minnihlutavegg sem er til staðar í borgarstjórnarsalnum og stuðlað er að frekari samskiptum og samvinnu borgarfulltrúa þvert á flokka.